



Borgarráð

Reykjavík, 27. apríl 2026

MSS26040056

## Drög að samstarfssamningi við ReykjavíkurAkademíuna

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samstarfssamning við ReykjavíkurAkademíuna, hér eftir RAses. Samningurinn gildir fyrir árin 2026 og 2027.

Reykjavíkurborg greiðir RAses framlag með eftirfarandi hætti: Ein milljón króna fyrir árið 2026 og ein milljón króna fyrir árið 2027, samtals 2 milljónir króna á samningstímanum. Greiðslur fara fram 15. maí 2026 kr. 1.000.000 og 15. maí 2027 kr. 1.000.000 gegn framvísun reikninga. Kostnaður færist á kostnaðarstað 09510 - ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Í tengslum við framlagið skal Reykjavíkurborg eiga rétt á 40% afslætti af almennu leiguverði á fundar- og fyrirlestraaðstöðu í húsnæði RAses í Hafnarstræti 5 auk tveggja áskrifta að óbundinni skrifborðsnotkun (hot-desking) í húsnæði RAses.

## Greinargerð

Samstarfið felur í sér samstarf og stuðning við rannsóknir og nýsköpun á sviði menningar, hug- og félagsvísinda í miðborg Reykjavíkur og nýtist báðum aðilum á gagnkvæman hátt. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara tekur að sér að kynna samstarfssamninginn innan Reykjavíkurborgar. Samstarfssamningurinn fellur að markmiðum aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar 2024–2026 um alþjóðleg rannsóknar- og nýsköpunarverkefni og styður við uppbyggingu rannsóknarumhverfis í Reykjavík.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt: Drög að samstarfssamningi við ReykjavíkurAkademíuna



Reykjavík

# SAMSTARFSSAMNINGUR

milli

## Reykjavíkurborgar

kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

og

## ReykjavíkurAkademíunnar ses (hér eftir RAses)

kt. 500506-0240, Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík

### 1. gr. Tilgangur og gildissvið

ReykjavíkurAkademían (RAses) og er hluti af lista- og fræðasamfélagi Reykjavíkur. Með flutningi í Hafnarstræti 5 í miðbæ Reykjavíkur vorið 2025 styrkti ReykjavíkurAkademían þetta hlutverk enn frekar og tekur nú markvissan þátt í að efla svæðið sem miðpunkt menningar, nýsköpunar og þekkingarsköpunar. Markmið þessa samstarfssamnings er að tryggja gagnkvæmt samstarf milli Reykjavíkurborgar og RAses með það að leiðarljósi að vinna saman að að rannsóknum og nýsköpun, skapa tengingar milli fræðasamfélagsins og stefnumótunar borgarinnar og tryggja að mannauður á sviði rannsókna og fræða nýtist samfélaginu sem best.

Samstarfssamningurinn fellur að markmiðum aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar 2024–2026 um alþjóðleg rannsóknar- og nýsköpunarverkefni og styður við uppbyggingu rannsóknarumhverfis í Reykjavík.

### 2. gr. Samningsverkið

Samstarfið felur í sér samstarf og stuðning við rannsóknir og nýsköpun á sviði menningar, hug- og félagsvísinda í miðborg Reykjavíkur og nýtist báðum aðilum á gagnkvæman hátt. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara tekur að sér að kynna samstarfssamninginn innan Reykjavíkurborgar.

### 3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samstarfssamningurinn gildir fyrir árin 2026 og 2027.

Reykjavíkurborg greiðir RAses framlag vegna samstarfs samkvæmt samstarfssamningi þessum með eftirfarandi hætti:

Ein milljón króna fyrir árið 2026 og ein milljón króna fyrir árið 2027, samtals 2 milljónir króna á samningstímanum. Greiðslur fara fram 15. maí 2026 kr. 1.000.000 og 15. maí 2027 kr. 1.000.000 gegn framvísun reikninga

Í tengslum við framlagið skal Reykjavíkurborg eiga rétt á 40% afslætti af almennu leiguverði á fundar- og fyrirlestraaðstöðu í húsnæði RAses í Hafnarstræti 5 auk tveggja áskrifta að óbundinni skrifborðsnotkun (hot-desking) í húsnæði RAses.

RAses mun jafnframt vinna með Reykjavíkurborg að samstarfsverkefnum eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. þessa samstarfssamnings. Sérstakir samningar skulu gerðir um verkefni sem falla undir liði a), b) og c) í 4. gr., eftir umfangi hvers verkefnis fyrir sig. Slíkir samningar skulu að jafnaði ekki vera færri en tveir á hverju samningsári.

Til að stuðla að skilvirku samstarfi og tryggja að samstarfssamningurinn nýtist Reykjavíkurborg sem best, tilnefnir Reykjavíkurborg tengilið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem hefur umsjón með samskiptum aðila vegna framkvæmdar samningsins.

#### **4. gr. Samstarf og hýsing verkefnastjóra**

Samstarfið getur falið í sér eftirfarandi:

##### *a) Samvinna og stuðningur*

RAses og Reykjavíkurborg vinna saman að rannsóknarverkefnum, meðal annars í samstarfi við rannsóknastjóra borgarinnar. Þar sem Reykjavíkurborg tekur þátt í fjölmörgum rannsóknarverkefnum getur RAses boðið upp á sérhæft rannsóknarumhverfi fyrir þá aðila sem koma að slíkum verkefnum, hvort heldur er til skemmri eða lengri tíma.

RAses getur jafnframt lagt til vinnuaðstöðu, sérhæft rannsóknarumhverfi og faglegan stuðning við einstaklinga sem vinna að rannsóknarverkefnum á vegum Reykjavíkurborgar og þannig stuðlað að þróun þekkingar og rannsókna. Um hvert og eitt verkefni skal gerður sérstakur samningur.

##### *b) Umsjón með rannsóknarverkefnum*

RAses getur tekið að sér umsjón með rannsóknarverkefnum fyrir Reykjavíkurborg, bæði smærri verkefnum og umfangsmeiri rannsóknum. Slík verkefni geta meðal annars falið í sér rannsóknir á starfsemi eða úrræðum borgarinnar með það að markmiði að meta árangur þeirra, sem og undirbúningsrannsóknir sem styðja við mótun nýrra verkefna eða stefnu til að tryggja skilvirka framkvæmd. Um hvert og eitt verkefni skal gerður sérstakur samningur.

##### *c) Annað samstarf*

RAses er jafnframt reiðubúið til samstarfs við Reykjavíkurborg um önnur verkefni sem tengjast rannsóknum, þekkingarsköpun, fræðslu eða þróunarverkefnum sem Reykjavíkurborg kann að óska eftir að vinna í samstarfi við RAses. Um slík verkefni skal ávallt gerður sérstakur samningur.

## 5. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri RAses hafa umsjón með framkvæmd samstarfssamningsins.

## 6. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu starfsári skal RAses skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags borgarinnar ásamt framvindu samstarfssamningsins. Skil eru í síðasta lagi þann 31. des. 2026 og 31. des. 2027. Í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skal RAses skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Stefnt er að því að halda einn samráðsfund samningsaðila eigi síðar en í október á hverju samningsári. Þar skal farið yfir framkvæmd samstarfssamningsins og eftir þörfum framkvæmd einstakra verkefna.

## 7. gr. Eignarréttur, höfundarréttur og trúnaður

Reykjavíkurborg er eigandi þeirra gagna sem verða til við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem á höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samstarfssamnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Sama gildir um annað það sem aðilar verða áskynja um meðan á samstarfinu stendur eða það sem leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar. Trúnaðarreglur gilda einnig eftir lok samstarfssamnings.

## 8. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samstarfssamningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samstarfssamningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu RAses. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samstarfssamningsins verði náð er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur til RAses eða rifta samstarfssamningnum. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samstarfssamningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt

til að rifta samstarfssamningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna vanefnda samstarfssamningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **9. gr. Framsal**

RAses má ekki framselja skyldur sínar samkvæmt samstarfssamningnum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

*Reykjavík, 17. mars 2026.*

Fyrir hönd **ReykjavíkurAkademíunnar ses:**

Arndís Bergsdóttir  
Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar

Fyrir hönd **Reykjavíkurborgar:**

[Undirskrift]